



Gjaldskrá vegna lausagöngu búfjár

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Skagafirði nr. 1264/2015. Henni er ætlað að standa undir kostnaði sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu lausagöngubúfjár ásamt útgáfu.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 8. gr. samþykktar um búfjárhald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Skagafirði nr. 1264/2015, skal vera 10.000 kr. Að auki skal greiða þann kostnað, sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi búfánaðs.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 9. desember 2015 með tilvísun til heimilda í samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í Sveitarfélaginu Skagafirði nr. 1264/2015 og 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og tekur nú þegar gildi.

Sauðárkróki 27. október 2021

Sigfús Ingi Sigfússon

sveitarstjóri

